

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. gr. um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1965. Árið 1963 greiðist úr ríkissjóði $\frac{2}{10}$ hlutar af þessum kostnaði utan Reykjavíkur, en $\frac{1}{4}$ í Reykjavík. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði $\frac{2}{10}$ hlutar utan Reykjavíkur, en $\frac{1}{3}$ í Reykjavík.

Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 12 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar til vatnsveituframkvæmda, gegn þeim trygg-ingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. Lánið skal þó ekki nema meira en 85% — áttatíu og fimm af hundraði — af áætluðum heildarkostnaði við framkvæmd verksins. Endurlán ríkissjóðs verði bundið sömu skilyrðum um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning framkvæmdanna og tíðkast við vatnsveituframkvæmdir, sem fá ríkisábyrgð skv. lögum nr. 93/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.